



HRUNAMANNAHREPPUR

22. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026 9. FUNDUR ÁRSINS

HALDINN FIMMTUDAGINN 4. MAÍ 2023 KL. 14.00

Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2023, þann 4. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu þess eðlis að við bætist liður 15. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi aðstöðu fyrir ferðamenn sumarið 2023. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis. Tillagan samþykkt samhljóða.

Oddviti opnaði einnig nýja heimasíðu sem nú er farin í loftið. Enn er þó eftir að setja inn eitthvað af efni og mun það verða gert á næstu dögum og vikum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 6. fundar frá 24. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 6. fundar skólanefndar vegna leikskólans Undralands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Varðandi skóladagatal leikskólans er rétt að það komi fram að sveitarstjórn mun taka endanlega ákvörðun varðandi vinnutímastyttingu starfsmanna leikskólans á næsta fundi sveitarstjórnar.

2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 5. fundar frá 17. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 5. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar frá 12. apríl sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars sl.

Lögð fram fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar frá 12. apríl sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 17. Ás: Byggingarheimild; þjónustuhús.

Fyrir liggur umsókn Magnúsar V. Benediktssonar fyrir hönd Steindórs Eiríkssonar, Helenu Eiríksdóttur og Guðrúnar Eiríksdóttur, móttækin 28.03.2023, um byggingarheimild fyrir 17,9 m² þjónustuhúsi á jörðinni Ás L166710 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að hún samþykki framlagða umsókn um byggingarheimild og mælist til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. Skipulagslaga nr.123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir við grenndarkynningu skal vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir framlagða umsókn um byggingarheimild og mælist til þess að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr.

Skipulagslaga nr.123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir við grenndarkynningu skal vísa málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Mál nr. 18. Auðsholt 1 og 3: Staðfesting á afmörkun og breytt stærð lóða.

Lögð er fram landamerkjagreinargerð ásamt uppdrætti sem tekur til hnitsettrar afmörkunar jarðanna Auðholts 1 og 3 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðanna skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir erindið.

Mál nr. 19. Ásatúnsvallarland: Skilgreining bygg.reita- og heimilda; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga er varðar deiliskipulag sem tekur til Ásatúnsvallarlands L218490 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda innan landsins sem er skilgreint sem landbúnaðarland innan aðalskipulags Hrunamannahrepps. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss allt að 300 fm, hesthúss eða skemmu allt að 250 fm auk allt að 6 ferðapjónustuhúsa innan hámarks byggingarmagns að 300 fm. Athugasemdir bárust við málið að hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagaðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd UTU þakkar Skipulagsstofnun fyrir ábendingar við afgreiðslu málsins. Að mati nefndarinnar samræmist tillagan ágætlega heimildum aðalskipulags Hrunamannahrepps þar sem tiltekið er að heimilt sé þar sem föst búseta er að starfrækja rekstur á landbúnaðarsvæðum sem ekki tengjast beint landbúnaðarframleiðslu. Viðkomandi landsvæði deilir afleggjara með jörðinni Ásatún sem landið var stofnað úr á sínum tíma og er lóðin í um 600 metra fjarlægð frá bæjarhlaðinu að Ásatúni. Á svæðinu var um tíma eingöngu gert ráð fyrir rekstri þar sem húsakosti svæðisins var ætlað að þjónusta golfvöll. Með breyttri notkun húsa og lóðar er tekið tillit til landnotkunar svæðisins samkvæmt aðalskipulagi Hrunamannahrepps þar sem gert er ráð fyrir því að lóðin sé innan landbúnaðarsvæðis. Innan landsins er ætlunin að byggt verði íbúðarhús ásamt hesthúsi eða skemmu og að föst búseta verði innan landsins. Samhliða þeirri búsetu verði heimild að byggja rekstur í formi útleigu smáhúsa. Að mati skipulagsnefndar samræmist slíkt búsetumynstur vel þeim markmiðum aðalskipulags að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli. Nýta byggingar á býlum með viðbótum og/eða breytingum, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir enfremur að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20. Gata: Brekkuhlíð; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vegna Götu í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur eru mörk nýrrar lóðar úr landi Götu L166750 auk þess sem skilgreindur er stærri byggingareitur innan svæðisins. Heimilað hámarksbyggingarmagn er aukið úr 6.700 fm í 7.500 fm.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 21. Ás: Náttúruleigin Hrunalaug; Deiliskipulag.

Lögð er fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags sem tekur til Hrunalaugar í landi Áss L166710. Meginmarkmið fyrirhugaðrar deiliskipulagstillögu er að tryggja að svæðið geti með öruggum hætti tekið á móti þeim fjölda gesta sem leggja leið sína um svæðið, án þess að minjar og náttúra þess verði fyrir skemmdum vegna ágangs. Skipulagið tryggir aðstöðu fyrir staðarhaldara til að taka á móti gestum og sinna eftirliti og umsjón svæðisins. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að byggja upp lítið þjónustuhús til að þjónusta móttöku gesta við Hrunalaug.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars sl.

4. Fundargerð 259. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 259. fundar skipulagsnefndar frá 26. apríl sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25. apríl sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25. apríl sl.

5. Seyrustjórn: Fundargerð 9. fundar frá 18. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 9. fundar seyrustjórnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

6. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 9. fundar framkvæmdastj. frá 24. mars.

Lögð fram fundargerð 9. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 10. fundar framkvæmdastj. frá 14. apríl

Lögð fram fundargerð 10. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 5. fundar stjórnar frá 17. apríl sl.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. **Framkvæmdaráð Almannafræðis Árnessýslu: Fundargerð 2. fundar frá 25. apríl sl. ásamt ársreikningi 2022.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar framkvæmdaráðs Almannafræðis Árnessýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

10. **Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 25. apríl 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.), 922. mál.

Lagt fram til kynningar.

11. **Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 26. apríl 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um Mennta- og skólaþjónustustofu, 956. mál.

Lagt fram til kynningar.

12. **Umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis frá 26. apríl 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um kosningalög o.fl. (ýmsar breytingar), 945. mál.

Lagt fram til kynningar.

13. **Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 28. apríl 2023.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu), 976. mál.

Lagt fram til kynningar.

14. **Umsagnarbeiðni frá Sýslumanni, rekstrarleyfi.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Snasa ehf. um leyfi til rekstur gististaðar í flokki II – G íbúðir í Ásatúnsvallarlandi. Fasteignanúmer: 227-9176

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að rekstrarleyfið verði veitt og óskar eftir afriti af leyfinu.

15. **Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi aðstöðu fyrir ferðamenn sumarið 2023.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi aðstöðu fyrir ferðamenn sumarið 2023. Í minnisblaðinu er lögð fram tillaga um að gerður verði samningur við eigendur Sæsabars um aðstöðu fyrir ferðamenn í sumar. Í samningnum fælist að opnunartími yrði milli kl. 12:00 og 23:00 alla daga og gætu ferðamenn og aðrir nýtt salerni á staðnum á þeim tíma. Einnig myndu eigendur Sæsabars veita gestum sveitarfélagsins upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er í Hrunamannahreppi, gistingu, veitingahús og afþreyingu og munu bjóða upp á aðstöðu þar sem bæklingar og aðrar upplýsingar frá aðilum í Hrunamannahreppi verða aðgengilegar. Sæsabar mun þar með verða nokkurs konar upplýsingamiðill fyrir sveitarfélagið auk þess að veita gestum möguleika á að komast á salerni.

Sveitarstjórn samþykkir að gerður verði tímabundinn samningur við Sæsabar um þessa þjónustu á grundvelli umræðna á fundinum. Kostnaður verði kr. 150.000,- pr. mánuð. Gildi samningurinn frá lokum maí og út ágúst.

16. Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi opnunartíma sundlaugarinnar sumarið 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi opnunartíma sundlaugarinnar sumarið 2023 byggt á hugmyndum forstöðumanns. Óskað er eftir einfaldari opnunartíma í sumar en verið hefur.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi opnunartíma frá 1. júní til 20. ágúst:

Virka daga frá kl. 11:00 – 20:00.

Laugardaga og sunnudaga 11:00 – 18:00

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að kostnaði vegna breytinganna sem nemur um 0,8 m.kr. verði mætt með framlagi af lið: 2101-3790 „önnur þjónustukaup“ sem lækki þar með og verði eftir þessa breytingu kr. 30.900.000,-.

17. Boð á aðalfund Landskerfis bókasafna hf. 2023 sem fram fer þriðjudaginn 9. maí

Lagt fram boð á aðalfund Landkerfis bókasafna hf. 2023.

Sveitarstjórn vísar erindinu til forstöðumanns bókasafns sem fara mun með umboð sveitarfélagsins á þessum fundi.

18. Bréf frá 6. og 7. bekk Flúðaskóla.

Lagt fram bréf frá 6. og 7. bekk Flúðaskóla þar sem nemendur óska eftir að fá að fara í Skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði.

Sveitarstjórn þakkar nemendum erindið og vísar því til umfjöllunar hjá skólstjórnendum og skólanefndar um leið og ríkur skilningur er sýndur á vilja nemenda til að fara í skólabúðirnar.

19. Bréf frá Íþróttafélaginu Suðra frá 18. apríl 2023.

Lagt fram bréf frá Íþróttafélaginu Suðra þar sem óskað er eftir styrk vegna keppnisferða félagsins.

Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt stuðning til Telmu Þorbjarnardóttur sem tekur þátt í Special Olympics í sumar. Því miður þá sér sveitarfélagið sér ekki fært að verða við erindi Suðra.

20. Umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

Fjárhagsleg málefni:

21. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2022 – seinni umræða.

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2022 ásamt sundurliðunum, til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn með eftirfarandi bókun:

Hér í Hrunamannahreppi er niðurstaða ársreiknings jákvæð hvort sem litið er til A hluta eingöngu eða A og B hluta samanlagt.

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2022 er jákvæð sem nemur 12,8 m.k. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 21 m.kr í rekstrarafgang frá samstæðu. Rekstrarafkoma A hluta er aftur á móti betri eða 31 m.kr..

Hækkun vísitölu var mun meiri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir en slíkar hækkunir á vísitölu hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu allra sem skulda. Hér hefur verðbólga þau áhrif að verðbætur reiknast um 90 m.kr sem er um 48

m.kr. hækkun frá fyrra ári. Í eðlilegu árferði hvað verðlagsþróun varðar væri afkoma sveitarfélagsins betri sem því nemur.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 180 m.kr. eða ríflega 11 % af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 237,5 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 143,8 m.kr.. Veltufé samstæðu frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindingar er 1,83 sem telst mjög gott. Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum er 5,43 sem einnig er góð niðurstaða.

Fjárfestingar á árinu 2022 námu 234,5 m.kr.. Helstu fjárfestingar ársins fólust í smíði vatnstanks í Berghylsfjalli, gerð kennslueldhúss við Flúðaskóla, endurbótum á lóð Félagsheimili Hrunamanna, lagningu hitaveitu frá Kópsvatnsvirkjun og framkvæmdum við Garðastíg. Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum.

Afborganir langtímalána námu 96,5 m.kr. og tekin ný langtímalán voru 48 m.kr..

Í árslok er hlutfall skulda A hluta sveitarsjóðs af tekjum að frádregnum lífeyrisskuldbindingum sem falla til eftir 15 ár eða síðar 39,9% sem er langt undir skuldþakinu svokallaða sem gerir þær kröfur til sveitarfélaga að skuldir þeirra skuli ekki fara yfir 150%. Rétt er þó að geta þess að fjármálaeðglur sveitarfélaga hafa verið afnumdar vegna heimsfaraldurs covid-19 til ársins 2025. Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta er 62% sem einnig er langt frá leyfilegu hámarki sem er ánægjulegt.

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2022 er full ástæða til bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Hér er hafin kröftug uppbygging íbúðarhúsnæðis og aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum og þá ekki síst þegar horft er til hinnar miklu ónýttu orku sem hér er í iðrum jarðar.

Það er verkefni sveitarstjórnar næstu misserin að missa ekki sjónar á mikilvægi góðs rekstrar um leið og sveitarfélaginu er stýrt í átt til meiri vaxtar sem ávallt yrði í takt við hinn góða staðaranda sem hér er.

Sveitarstjórn vill nýta þetta tækifæri og færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakkir fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu.

Sveitarstjórn vill einnig þakka endurskoðendum og skrifstofustjóra fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings. Jafnframt ber að þakka traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.

Verfundargerðir:

a. Byggð á Brikum: Verfundargerð 6. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Mál til kynningar:

b. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 922. fundar stjórnar frá 31. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

c. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 923. fundar stjórnar frá 5. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 924. fundar stjórnar frá 17. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

e. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 59. fundar stjórnar frá 24. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 60. fundar stjórnar frá 4. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

g. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aukaaðalfundar frá 21. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

h. Bergisinn bs.: Drög að ársreikningi 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:03